



## Bókunarstaða skemmtiferðaskipa á Íslandi – september 2025

Við lok heimsfaraldar hélt jákvæð þróun í fjölgun komu skemmtiferðaskipa til Íslands áfram eftir tveggja ára hlé. Toppi var náð árið 2024, þegar hafnir Íslands þjónustuðu tæplega 100 skip í samtals 1.209 skipakomum sem skiptust þannig að 21,4% af komunum voru í Reykjavík en 78,6% á landsbyggðinni. Þótt ljóst sé að ekki er svipuðum tölum til að dreifa í fluginu liggur fyrir að yfirgnæfandi meirihluti, um 99,89%, koma í gegnum Keflavík. Drifkraftar þessarar aukningar í skipakomum voru, langvarandi markaðssetning Cruise Iceland, aukning í farþegaskiptum, almennur og mikill áhugi á Íslandi og uppsöfnuð ferðapörf eftir heimsfaraldur.

Örar og skyndilegar breytingar á rekstrarumhverfi skemmtiferðaskipa á Íslandi, allt frá haustmánuðum 2023, hafa hins vegar valdið óvissu meðal útgerða þeirra skemmtiferðaskipa sem sækja landið heim. Óvissan, ásamt breytingum í rekstrarumhverfi eru núna á haustmánuðum ársins 2025 að skila sér í mikilli fækkun í skipakomum sem mun fyrst og fremst koma niður á minni höfnum landsbyggðarinnar.

Skipulagning og bókanir skemmtiferðaskipa eru unnar 2 – 4 ár fram í tímann og því munum við einungis sjá lítilsháttar breytingu á þessu ári. Það er hins vegar fyrirséður 17% samdráttur í heildarskipakomum á næsta ári og 37% samdráttur á árinu 2027, miðað við árið 2024. Ef við skoðum breytingar í brúttótonnum, sem gefa raunsæja mynd af heildarumsvifum, þá er áætlaður samdráttur 12% á næsta ári og 23% á árinu 2027, miðað við árið 2024. Bókunarstaðan gefur til kynna að minni skip komi síður en þau hafa einmitt einnig sótt minni hafnir hringinn í kringum landið. Þótt að bókunarstaða sé í raun alltaf áætlun, þá hefur verið hægt að áætla með nokkurri vissu 1,5 til 2 árum fram í tímann miðað við þá hefð sem hefur skapast í bókunum og því eru þessar tölur teknar alvarlega.



## Bókunarstaða meðal einstakra hafna

Skemmtiferðaskip heimsækja tæplega 40 hafnir og áfangastaði á landinu öllu, og í ljósi þess að um er að ræða mismunandi skip með mismunandi þarfir og markhópa, munu breytingar á bókunarstöðu því ekki leggjast jafnt á allar hafnir.

Meðal stærstu hafna landsins þá er fyrir séð talsverð fækkun í skipakomum fyrir árið 2026 og enn meiri fyrir árið 2027, miðað við metárið 2024. Nánari niðurbrot má sjá á töflunni að neðan.

| Höfn                    | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 |
|-------------------------|------|------|------|------|
| Reykjavík/Akranes       | 259  | 239  | 217  | 174  |
| Akureyri/Hrísey/Grímsøy | 256  | 219  | 193  | 153  |
| Ísafjörður              | 195  | 191  | 175  | 136  |
| Seyðisfjörður           | 97   | 92   | 89   | 71   |
| Grundarfjörður          | 67   | 79   | 85   | 59   |
| Vestmannaeyjar          | 103  | 86   | 99   | 61   |

Meðal minni hafna má segja að fækkun í bókunum fyrir árið 2027 séu hrun, sem rekja má til afnám tollfrelsis, nýju innviðargjaldi, stuttum fyrirvara á gjaldtöku og almennri óvissu með fyrirkomulag á rekstri skemmtiferðaskipa við Íslandsstrendur. Hafnir eins og höfnin á Siglufirði, Borgarfirði Eystri, Djúpavogi og Húsavík sjá fram á allt að 95% fækkun í skipakomum. Á töflunni að neðan má sjá niðurbrot í skipakomum eftir árum meðal minni hafna á Íslandi.

| Höfn                 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 |
|----------------------|------|------|------|------|
| Djúpivogur           | 64   | 59   | 42   | 31   |
| Siglufjörður         | 27   | 32   | 10   | 8    |
| Borgarfjörður Eystri | 21   | 22   | 12   | 1    |
| Húsavík              | 50   | 56   | 27   | 19   |
| Hafnarfjörður        | 19   | 18   | 31   | 16   |
| Vesturbyggð          | 26   | 7    | 20   | 7    |
| Sauðárkrókur         | 8    | 9    | 6    | 6    |

Sigurður Jökull Ólafsson

Framkvæmdastjóri Cruise Iceland